

REGLUGERÐ

um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Reykjavík skal, á meðan bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar og bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar ekki leyfa fólksbifreiðarstöðvar hvor í sínu lögsagnarumdæmi fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Reykjavík, miðuð við íbúatölu í lögsagnarumdæmum Reykjavíkurborgar, Kópavogskaupstaðar og Seltjarnarneskaupstaðar, þannig að ein bifreið komi á hverja 250 íbúa, sem þar eiga lögheimili samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Bifreið leyfishafa skal merkt viðkomandi bifreiðastöð.

2. gr.

Enginn bifreiðastjóri má aka allt að 8 farþega leigubifreið til mannflutninga, nema hann hafi afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Reykjavík, og hafi öðlast atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri í Reykjavík.

3. gr.

Leigubifreiðastjórar, sem ekki hafa afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Reykjavík, hafa ekki atvinnurétt á framangreindu svæði nema eftir kvaðningu fyrirfram.

4. gr.

Í Reykjavík skal ávallt vera a. m. k. ein bifreiðastöð opin alla nóttina. Bifreiðastjórum er skylt að hlíta þeim reglum, sem stjórn viðkomandi bifreiðastöðva kann að setja í samráði við stéttarfélag bifreiðastjóra, því til tryggingar að ekki sé tilfinnanlegur skortur á leigubifreiðum vissan hluta sólarhringsins.

II. KAFLI

Úthlutun atvinnuleyfa.

5. gr.

Bifreiðastjóri, sem óskar eftir að fá atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri í Reykjavík, skal sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum til Bifreiðastjórafélagsins Frami fyrir 1. október ár hvert.

Umsókninni skal fylgja:

- a) Vottorð frá bifreiðastöð í Reykjavík um, að umsækjandi geti fengið þar afgreiðslu, fái hann úthlutað atvinnuleyfi.
- b) Hegningarvottorð.

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðastjóra við akstur allt að 8 farþega leigubifreiða jafnan lagður til grundvallar, þannig að sá sem lengstan starfsaldur hefur, gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda eigi hann lögheimili og hafi búsetu í Reykjavík, Kópavogi eða Seltjarnarneskaupstað.

Sé til þess talin ástæða, er heimilt að krefja til sönnunar starfstíma staðfest vottorð skattstofu um launalið viðeigandi skattframtala.

Úthlutunarmönnum er þó heimilt að víkja frá meginreglu greinar þessarar í sérstökum undantekningartilvikum.

Úthlutun atvinnuleyfa skal að jafnaði fara fram eftir 1. október ár hvert.

Þar til rétt tala leigubifreiða í Reykjavík er fengin, skal úthluta þriðja hverju leyfi, er losnar. Komi mjög fá leyfi til úthlutunar er heimilt að fresta úthlutun til næsta árs.

6. gr.

Atvinnuleyfi skulu gefin út af þremur mönnum, sem hér eftir eru nefndir úthlutunarmenn.

Skal einn þeirra tilnefndur af stjórn Bifreiðastjórafélagsins Frama, einn af launþegum sem ekki eru sjálfseignarbílstjórar og annan til vara, en formanninn skipar ráðherra án tilnefningar. Rétt til að velja úthlutunarmann úr hópi launþega hafa þeir einir, sem eru starfandi sem slíkir og hafa verið það óslitið undanfarna 4 mánuði. Skulu atvinnuleyfin og tilkynningar um þau undirrituð af úthlutunarmönnum. Tilnefningar eru til eins árs í senn fyrir úthlutunarmann tilnefndan af launþegum, en til þriggja ára fyrir hina úthlutunarmennina.

Verði ágreiningur milli úthlutunarmanna sker samgönguráðuneytið úr.

Atvinnuleyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa. Leyfin skulu vera í vörslu Bifreiðastjórafélagsins Frama, sem síðan tilkynnir útgáfuna til hlutaðeigandi bifreiðastöðvar.

Engum má úthluta nema einu atvinnuleyfi.

7. gr.

Úthlutunarmönnum er skylt að líta eftir, að ákvæðum reglna og laga um leigubifreiðar og reglugerðar þessara sé fylgt og er þeim heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir brjóti leyfishafi af sér, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgönguráðuneytisins.

8. gr.

Óheimilt er að veita bifreiðastjóra atvinnuleyfi, nema hann skuldbindi sig til að stunda akstur eigin leigubifreiðar sem fullt starf og sækir um upptöku í Bifreiðastjórafélagið Frama.

Óski forseti Íslands eða ráðherrar að ráða leyfishafa sem einkabílstjóra á meðan þeir gegna embætti, halda þeir bílstjórar óskertum rétti sínum þótt þeir stundi ekki akstur leigubifreiðar sem aðalstarf.

III. KAFLI

Nýting leyfis.

9. gr.

Leyfishafa er heimilt að hafa bifreið sína í afgreiðslu hjá hverri þeirri bifreiðastöð í Reykjavík, sem hann getur fengið afgreiðslu hjá, enda sé bifreiðastöðin viðurkennd af borgarstjórn Reykjavíkur.

Óheimilt er bifreiðastöð að taka bifreið í afgreiðslu fyrr en tilkynning um útgáfu atvinnuleyfis eða flutning milli stöðva hefur borist frá Bifreiðastjórafélaginu Frama.

Nú vill leyfishafi flytja sig á aðra bifreiðastöð, og skal hann þá afhenda Bifreiðastjórafélaginu Frama yfirlýsingu frá þeirri stöð, sem hann hyggst flytja á, um að hann geti fengið þar afgreiðslu. Sé leyfishafi skuldlaus við bifreiðastöð þá, sem hann flytur frá skal Bifreiðastjórafélagið Frami staðfesta flutninginn þegar í stað.

10. gr.

Nú hættir leyfishafi að reka leigubifreið samkvæmt atvinnuleyfi sínu og segir atvinnuleyfinu upp. Skal hann þá skrá yfirlýsingu þar að lútandi á atvinnuleyfi sitt, og síðan ráðstafa úthlutunarmenn leyfinu samkvæmt reglugerð þessari. Skal leyfishafi tilkynna þetta til bifreiðastöðvar þeirrar, sem hann hafði afgreiðslu hjá.

Bifreiðastjórar, sem hafa haft atvinnuleyfi í 3 ár eða lengur og segja upp leyfi sínu, hafa forgangsrétt til þess á næstu tveimur árum, enda hafi leyfið legið inni minnst 4 mánuði, og

- h) Peir leyfishafar sem hafa til þess sérstakt leyfi (útgerðarleyfi), mega láta aka í þeim leyfum, þótt viðkomandi bifreiðarstjóri hafi ekki atvinnuleyfi.
- i) Leyfishafi, sem hefur leyfi til að hafa launþega á bifreið sinni, hefur heimild til að leggja launþega til aðra bifreiða, meðan hans eigin bifreið er til viðgerðar vegna bilunar, enda geri viðkomandi bifreiðastöð ekki athugasemd við bifreiðina.

Peir leyfishafar, sem vilja notfæra sér þær undanþágur, sem í þessari grein felast, skulu sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum til Bifreiðastjórafélagsins Frami, undirrituðum af stöðvarstjóra viðkomandi bifreiðastöðvar um að hún samþykki þann ökumann, sem leyfishafi vill að aki bifreiðinni. Leyfishafi ber fulla ábyrgð á því, að undanþágan sé ekki misnotuð, enda getur slík misnotkun varðað missi atvinnuleyfisins um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, sé um ítrekuð brot að ræða.

Bifreiðastjórafélagið Frami veitir undanþáguna eftir að hafa gengið úr skugga um að fullnægt sé framangreindum skilyrðum. Skal leyfið vera skriflegt, tímabundið og tekið fram hvað í því felst. Er viðkomandi bifreiðastjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér, er hann er við akstur og sýna trúnaðarmönnum Frami og úthlutunarmönnum, ef þeir æskja þess. Ekki má veita undanþágu til atvinnuleyfis, sem úthlutunarmenn hafa stöðvað.

14. gr.

Bifreiðastjórafélagið Frami skal halda skrá yfir veittar undanþágur í aðgengilegu formi, sem úthlutunarmenn eigi aðgang að.

15. gr.

Úthlutunarmenn skera úr deilumálum í sambandi við reglugerð þessa. Úrskurðum þeirra má vísa til samgönguráðuneytisins.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 219 9. maí 1979 með síðari breytingum nr. 78/1981, nr. 642/1981 og nr. 89/1982.

Samgönguráðuneytið, 17. maí 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.